

## Listin að leggja karl að velli – leiðarvísir – birtist í Vísi 11. nóvember 2019

Í fyrra kom út kver í Bandaríkjum Norður-Ameríku (BNA) með nafninu: „How to Destroy a Man Now (DAMN). A Handbook.“ Kverið er leiðsögn um það, hvernig rústa megi lífi karls þessa stundina. Höfundur, Angela Confidential, er kynntur til sögu sem doktor í vinnusálfræði og virtur ráðgjafi á sviði mannauðsmála. Í kverinu „valdeflir höfundur konur með því að leiðbeina þeim skref fyrir skref í þeirri viðleitni að eyðileggja orðspor karla og steypa þeim af valdastóli. Höfundur notar dulnefni, að eigin sögn, til að vernda sig gegn óþægindum eða ofsóknum.

Svo mælir Angela: „Frá morgni mannkyns höfum við, konur, verið kúgaðar í ljósi líkamlegs styrkleika karla. En í samfélögum nútímans snúum við loksins vörn í sókn.“ Félagsmiðlar og veraldarvefurinn skipta sköpum í því sambandi. Þar koma eðlislægir kostir okkar gagnert að notum, þ.e. orðfimi, tengslahæfni, tilfinningargreind og félagsskilningur, enda tökum við nú völdin. Þessir hæfileikar hafa t.d. ævinlega komið að notum stúlkum í baráttunni við drengi. Þær beita valdi orðsins til að spinna ásakanir, ástunda baktal. Í því felast okkar völd.

Dylgjur eru lykilatriði. Þær þurfa að fela í sér ásökun um rangt eða ólöglegt athæfi. Fullyrðing dugar. Það þarf ekki að neinar færa sönnur á hana. Ásökunin verður að vera einföld í sniðum og áhrifarík, svo gjörningurinn verði glæstur. Hneyksliskynlíf vekur óbrigðult athygli.

Áróður í fjölmiðlun er nauðsynlegur, því máttur orðanna er mikill. Með því að fara í kringum þá staðreynd, að dómur hafi ekki gengið, t.d. að tala endurtekið um ákæranda sem fórnarlamb eða brotþola, vaxa líkur á sekt. „Sönnunargögn“ hrannast upp og í raun dæma fjölmiðlar í málinu.

Einatt rekur einhvers konar valdhafi smiðshöggið á gjörninginn. Slíkur aðilji, riddarinn, er runninn undar rifjum feðraveldisins og riddaramennskunnar. Hann steðjar stoltur til bjargar bágstöddum fórnarlömbum; þ.e. sé um að ræða ásakanir um illa meðferð barna, nauðgun eða árás á konur. Dæmi: Sé starfsmaður sakaður um kynferðislega ódád rjúka yfirmenn upp til handa og fóta. Refsingin getur t.d. falið í sér starfsmissi, starfsleyfismissi, brottrekstur úr skóla, fordæmingu eða fangelsun.

Listi yfir karla, sem slík örlög hafa hlotið, er eins langur og vont vor. Einn þeirra var Carl Sargeant (1968-2017), ráðherra barnamála o.fl. í Wales. Hann var ásakaður um ósæmilega hegðun, þegar leitað var með ljósum logum að kynferðisafbrotakörlum í Westminster (aðsetri breska þingsins), í kjölfar „me-too-byltingar“ [RÚV]. Hann hrökklaðist úr embætti og hengdi sig skömmu síðar.

Þegar nota á veraldarvefinn sér til framdráttar er nauðsynlegt að auðkenna færsluna með nafni þess og titli, sem ætlunin er að rústa. Eins og áður er ýjað að er áhrifaríkast að ásaka fórnarlambið um kynferðislegt ofbeldi, t.d. nauðgun eða barnaníð. En hófstilling er engu að síður skynsamleg. T.d. dugar fullyrðing eins og (staðfært): „Hann er þekktur leikari, sem nauðgar kvenkyns meðleikurum sínum í hléum.“

Hnitmiðuð auðkenning inntaks er heppileg, þannig að leitarvélarnar þefi færsluna uppi með markvissum hætti. Staðfært dæmi: t.d. Jón Guðmundsson, kennari í háskóla á Íslandi,

verkfræðingur, kvennaníðingur. Áþekkt dæmi (einnig staðfært): Leikmóður Kristínarson, leikari, leikhús, kynbundið ofbeldi. Einnig mætti bæta við kennitölu, símanúmeri og heimilisfangi. Það fellur í góðan jarðveg, að þú látir sem um aðvörun til almennings sé að ræða. Það höfðar beinskeytt til áðurgreindra valdaðilja, t.d (staðfært): „Aðvörun til allra kvenna og stúlkna! Leikmóður Kristínarson, leikari, er nauðgari.“

Það er mikilvægt að útbúa margar færslur og breyta orðalaginu lítillega, því leitarvélarnar eru ekki hrifnar af orðréttum endurtekningum. T.d. (staðfært) leikhúsnauðgarinn rífur kjaft og segist saklaus, kynferðislegt hneyksli í leikhúsi. Kynferðisafbrotamaðurinn, leikarinn góðkunni, er sagður fíkniefnaneytandi. Og svo framvegis. „Það getur verið áhrifaríkt, að semja mismunandi útgáfur af dylgjunum ... og birta á netinu öðru hverju. Það stuðlar að því, að leitarvélarnar setji fórnarlamb þitt í efsta sætið yfir hneykslismál.“

Gleymdu ekki áhrifamætti myndanna, en mundu að nota opinberar myndir, svo ekki sé unnt að rekja þær til þín. Það er affararsælast að gæta nafnleyndar, t.d. sem vinur „brotapola.“ Notaðu opinbera nettengingu til frekara öryggis og uppdiktað notendanafn eins og „verndarengill.“

Kveinstafa og klögunarsíður eru gagnlegastar við að leggja karl að velli. Umsjónarmenn þeirra forðast alla ábyrgð og segja inntak þeirra ekki ritskoðað. Um sé að ræða vettvang til að viðra skoðanir í samfélagi, þar sem málfrelsi ríki. Sama gera ábyrgðaraðiljar leitarvélanna, enda þótt kveinstafasíðunum sé gert hæst undir höfði. Þar fer Google fremst í flokki.

Samfélagsmiðlar stuðla enn að gagnsemi veraldarvefsins. Þar er unnt, t.d. á Snjaldurskinnu (Facebook) að finna þýðingarmiklar upplýsingar um þann, sem þú hyggst koma fyrir kattarnef, t.d. hvernig megi koma ásökun þinni beinlínis á framfæri við valdahafa/yfirmann. Vefurinn og samfélagsmiðlarnir búa yfir ofurvaldi – eru handbendi þitt í aðförinni. Fórnarlambið kemur engum vörnum við.

Mannorðssaurgun yfir innra net fyrirtækja er áhrifarík eins og ýjað er að. Láttu róginn ganga til að plægja jarðveginn fyrir ásakanir þínar. Þeim mun fleiri, því betra. Það er gagnlegt að vingast við og vinna traust starfsfélaga, sem hafa upplýsingaáhrif eða upplýsingavöld, „skoðanaleiðtoganna,“ sem og annarra, sem hafa óbein (óformleg) völd. Þegar komið er að því að setja fram ásakanirnar, skaltu koma óbeint til dyranna til að byrja með. Þú getur t.d. látið þessi orð falla við kynsystur yfir hádegisverði: „Ég kvíði næsta fundi með yfirmanninum. Hann starir ævinlega á brjóst mín.“ Þá er líklegt, að rógurinn fái byr undir báða vængi. Ef þú orðar þetta varfærnislega við fleiri í einu, virkar það sem olía á eld væri. Rógurinn gæti tekið á sig þennan búning: „Gætið ykkar á þessum stjórnanda. Allir eru samdóma um, að hann sé hrollvekjandi karlgerpi, sem þrástarir á konur.“ Vanti meiri slagkraft er vitanlega unnt að virkja samfélagsmiðla og veraldarvefinn eins og áður segir.

Þegar þú beitir umræddri aðferð er hyggilegt að stilla ákærum í hóf. T.d. skytir þú yfir markið, ef þú settir fram fullyrðingu á borð við: „Forstjórinn [karlkyns] nauðgar konum daglega í matsalnum í hádegishléum.“ Það reynist iðulega best að einbeita sér að þáttum í manngerð þess, sem leggja á í rúst, en láta vinnuframlag og þess háttar liggja milli hluta. Það er t.d. hárbeitt að segja hann kynferðislega afbrigðilegan eða ofbeldisfullan. „Svo í hnotskurn gætir

kunnuglegra og einfaldr þátta í því handverki, sem vinnustaðaásökun er; staðhæfing þess efnis, að karlstarfsmaður hegði sér ótilhlýðilega gagnvart fórnarlambi. ... Staðhæfingin þarf að vera sniðin að vinnuumhverfinu og leggja alvörupunga á herðar samstarfsmönnum, stjórnendum, mannauðsdeild og svo framvegis.“

Dæmi úr veruleikanum (nöfn aðlöguð): Kötur er í nöp við Kára. Kári er yfirmaður Kötur. Kata leitir til mannauðsstjóra og ber sig illa undan Kára, sem hún segir geri lítið úr vinnuframlagi sínu, því hún sé kona. Kata hefur borið málið undir starfssysturnar, sem allar eru á sama máli. Mannauðsstjóri kemur að máli við Kára og krefst þess, að hann beri fram afsökunarbeiðni. Sé afsökunar beiðist liggur í hlutarins eðli, að hlutaðeigandi sé sekur.

Viðurkenning sektar fréttist því næst um allt fyrirtækið. Slúðrið snýst nú um, hversu illræmdur kynferðisafbrotamaður Kári sé. Kötur er hrósað í hástert fyrir hugrekki. Hún andæfir sem sé kynferðislegri mismunum og stígur upp virðingarstigann.

Kata hafði reyndar annað vopn í hendi sér. Hún hefði getað lagt orðspor fyrirtækisins í rúst. Kata er nefnilega skilgreind sem fórnarlamb og í Alríkislöggjöf BNA, sem lýtur að mismunun, tilheyrir hún „verndaðri stétt.“ Það er á ábyrgð fyrirtækisins að koma í veg fyrir mismununum.

Slíkar staðhæfingar leiða auðveldlega til heppilegra smitáhrifa. T.d. gæti karlmaður, sem faðmar að sér konu á vinnustaðnum, fengið á sig kærur fyrir kynferðislega áreitni. Reyni karlmaður að stofna til vináttusambands við konu, t.d. að bjóða henni í mat, gæti það greiðlega leitt til ákæru um óviðeigandi kynlífsháttsemi. Sama gildir um kynferðislegt samband við konu, enda þótt hún gangi til þess frjáls og fús.

Þú sérð áreiðanlega í hendi þér, hvernig ofangreindum aðferðum, þ.e. smánunaraftöku á netinu og á vinnustöðum, mætti beita á öðrum vettvangi, svo sem í skóla, við skilnað og í stríði um forsjá barna. Með það í huga vel ég að ljúka þessu kveri með jákvæðum bylgjum.

Sigurganga kvenna er hafin. Við snúum feðraveldisbolann niður á hornunum. Þrátt fyrir sigurvímu okkar lifir og hrærist fólk ennþá samkvæmt þeirri sannfæringu, að við séum valdalaus fórnarlömb. Því vex konum ásmegin, bæði af afli fórnarlambins og af afli fjandans, þ.e. karla í feðraveldinu. Við gröndum körlunum fyrir opnum tjöldum í ljósi valvísrar blindu feðraveldisins á konur.

Feðraveldið veður í villu og svíma, álítur okkur nauðstaddar meyjar. Það rekur upp skelli hlátur við þá tilhugsun, að karlar geti verið fórnarlömb kvenna. Og við erum vitaskuld viðhlæjendur. „Í samfélagi feðraveldisins er ofbeldi líkamlegt; barsmíðar og brotin bein. En aldrei er það skilgreint sem rústað líf. En jafnvel þótt rannsóknir sýni fram á, að konur séu ekki ofbeldiseftirbátar karla, þegar skilgreining ofbeldis einnig nær til orðanna, mannorðsmissis og tilfinningalegs ofbeldis, er feðraveldinu um megn að skynja konur sem árásmenn.“ [Innskot: Konur eru reyndar jafnvígar körlum, hvað varðar ofbeldi á heimavígstöðvunum, án tillits til tilfinningalegs ofbeldis.]

Þrátt fyrir, að karlar verði miklu oftari fyrir ofbeldi en við, t.d. hvað morð varðar, er enn talið, að þeir verðskuldi síður vernd. Meira að segja kveða lög í dag á um að kveða megi karla – en

ekki konur – til herþjónustu. Með öðrum orðum, meðan við sigrum á vettvangi stjórnmalanna, er það á okkar valdi að senda karlana til að deyja fyrir okkur í stríði, án þess að þurfa að taka þátt sjálfar.

Skynblinda feðraveldisins í þá veru, að konur séu veikburða, er svo samgróin þjóðarsálinni, að hún er niðurfelld í lög. Þannig höfum við lagt feðraveldið að velli í félagslegri glímu. Bragðið var að beita grundvallarreglum þess gegn körlum sjálfum. Í feðraveldisskútunni hljómar skipun skipstjórans nú „karlar síðastir,“ en ekki „konur og börn fyrst,“ eins og áður var. Árið 2017 færði okkur heim sanninn um sigra okkar. Hversu mörgum körlum höfum við ekki velt úr sessi í stjórnmalum, skemmtanaíðnaði og öðrum iðnaði. Við látum hné fylgja kviði. Mannorðsmurtur bröltir karl aldrei á fætur. Orðið, karl, er senn samheiti yfir nauðgara, barnaníðing, kynhrelli og því um lík hugtök.

Skeytingarleysi samfélagsins er uppörvandi og glæðir vonir. Enginn gerir sér far um að stöðva okkur. Meira að segja hvílir fordæming almennings yfir þeim, sem malda í móinn og benda á réttindi karla – jafnvel þótt konur séu. Hvers vegna má það vera? Því það er gróðavænlegt að kýla karla kalda. Kveinstafasíður sækja ómælt fé í lögsóknum. Lögfræðingar þéna ríkulega á körlum, sem reyna að bera hönd yfir höfuð sér. Konur græða á tá og fingri; fá fébætur, stíga hraðar upp metorðastigann og svo framvegis. „Það má ljóst vera, að máttur konu til að leggja karl að velli, er meiri en í nokkurn tíma áður. Okkar tími er núna.“

[Viðauki: Í næstu útgáfu kversins væri ekki úr vegi, að höfundur benti vígreifum kvenfrelsurum á íslenska tilbrigðið við grunnaðferðina, þ.e. mannorðsmorð auðgreinanlegra karla í beinni útsendingu RÚV - stundum í samstarfi við kvenfrelsunaröfgasamtök eins og Stígamót. Fjölmiðlanefnd, sem er varðhundur Alþingis á þessu sviði, telur umfjöllun RÚV um samskipti kynjanna falla undir lagaákvæði um málfrelsi fjölmiðla. Umboðsmaður Alþingis tekur undir þá túlkun. Kvenfrelsunarríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur hefur lýst hrifningu á aðferðinni. Hún hefur meira að segja efnt til vakningarvöku um „me-too“ byltingu RÚV. Sumir Alþingismanna styðja umræddar aftökur, aðrir þegja þunnu hljóði yfirleitt, svo það er ekkert að óttast úr þeirri átt.]

Höfundur er ellilífeyrisþegi. Þýðingar eru hans.